

Aukaaðalfundur Félags framhaldsskólakennara

Haldinn í Borgarholtsskóla í Reykjavík

7. nóvember 2016

Guðríður Arnardóttir formaður setti fundinn kl. 15.10 bauð fundarfólk velkomid og baðst afsökunar á seinkun vegna tæknimála.

Hún stingur upp á Ólafi H. Sigurjónssyni, fyrrverandi formanni FS, sem fundarstjóra og Reyni Þór Eggertssyni, ritara FF, sem fundarritara. Hvort tveggja samþykkt samhljóða.

Fundarstjóra falin fundarstjórn.

Ólafur gerir grein fyrir aðkomu sinni að málefnum Vísindasjóðs. Hann var formaður FS í 7 ár og segir deilur stjórnar Vísindasjóðs við KÍ erfiðasta málið í sinni formannstíð.

Fundurinn er sendur út á www.netsamfelag.is og þar er hægt að taka þátt í umræðum á sérstakri slóð.

Starfsfólk fundarins eru Anna María Gunnardóttir, Ragnhildur S. Björnsdóttir og Steinunn Inga Óttarsdóttir og þar fær fólk ferðablöð og tölvur að láni.

Framboðsfrestur rennur út kl. 15:30 og stendur kosning frá kl. 16:00 til kl. 16:20. Fundargögn er að finna á netinu. Atkvæðagreiðslan fer fram á Mínum síðum hjá KÍ.

Einungis aðalfulltrúar hafa fullt umboð til þátttöku á fundinum sem er öllum opinn. Varafulltrúar og aðrir hafa málfrelsi en ekki atkvæðis- og tillögurétt.

1. MÁLEFNI VÍSINDASJÓÐS

Guðríður svarar fyrirspurn úr sal um aðgengi annarra en fulltrúa til að fylgjast með og taka þátt í umræðum á netinu. Öllum er frjálst að mæta á fundinn, en netútsendingin er gerð fyrir aðalfulltrúa sem ekki eiga heimangengt.

Annar fulltrúa FF og varafulltrúi FF í stjórn Vísindasjóðs hafa ekki brugðist við boði um að koma og gera grein fyrir sinni afstöðu.

Guðríður fjallaði um lögmæti fundarins. Aðalfundarfulltrúar voru boðaðir á aukaaðalfund 8. apríl sl. vegna þess að stjórn taldi sig þurfa að leita til aðalfundar vegna Vísindasjóðs. Þar kom fram eindreginn vilji til að ljúka deilumálum svo að sjóðurinn komi aftur í KÍ-húsið. Stjórn Vísindasjóðs hefur svo gengið þvert gegn samþykktum apríl-fundarins.

Þrjú lögfræðiálit hafa borist sem véfengja lögmæti þessa fundar, tvö frá Láru V. Júlíusdóttur og eitt frá Lex lögmannstofu, sem hótaði einnig að fara fram á lögmann á fundinn héldi stjórn FF honum til streitu. Sú lögbannskrafa hefur ekki borist.

Stjórn FF hefur fengið lögfræðiálit sem staðfesta lögmæti þessa aukaaðalfundar, frá Herði Guðmundssyni, Gísla Hall og Önnu Rós Sigmundsdóttur.

Alvarlegur trúnaðarrestur hefur orðið, annars vegar milli aðalfulltrúa FF í stjórn Vísindasjóðs, og hins vegar milli stjórnar FF og meirihluta stjórnar Vísindasjóðs. Erindum frá stjórn FF er ekki svarað.

Guðríður veltir fyrir sér í ljósi umræðna á netinu hvort deilurnar snúist fyrst og fremst um veru FF í KÍ.

Þá vekur Guðríður athygli á því að það er stjórn KÍ sem setur reglur um laun fyrir nefndarstörf. Farið var út fyrir reglur KÍ þegar stjórn vísindasjóðs hækkaði þóknun úr 2.500 kr. í 4.000 kr. á tímann. Þetta er ekki há upphæð, en um prinsippmál er að ræða.

Þá má ekki breyta verklagsreglum Vísindasjóðs án samþykkis stjórnar FF, FS og Vísindasjóðs. Allar stjórnirnar þrjár þurfa að vera sammála um allar breytingar sem gerðar eru. Þetta hefur ekki verið gert undanfarin ár og gengur slíkt þannig gegn lögum FF.

Málarekstur hefur kostað Vísindasjóð á annan tug milljóna fyrir utan annan sérfræðikostnað.

Guðríður minnir á að hún mælti með því að Linda Rós Michaelsdóttir og Þórey Hilmarsdóttir yrðu kosnar áfram sem aðalfulltrúar FF á reglulegum aðalfundi 2014. Henni þótti mikilvægt að sú stjórn sem hóf þennan málarekstur myndi leiða hann til lykta. Aðalfundur var ekki sammála og kaus nýja fulltrúa, en Linda Rós varð varamaður og Þórey svo fengin til starfa fyrir sjóðinn.

Öll mál sem stjórn Vísindasjóðs hefur rekið gegn KÍ hafa tapast. Guðríður fer yfir málin. Öllum nema tveimur kröfum stjórnar Vísindasjóðs var vísað frá héraðsdómi nú nýverið en allar gagnkröfur KÍ standa og fá umfjöllun fyrir dómi. Kæra til lögreglu leiddi ekki til neins, héraðs-saksóknari vísaði málinu frá og ríkissaksóknari í kjölfarið. Guðríður bendir á að það er mjög alvarlegur gjörningur að kæra fólk til lögreglu og fólk sé saklaust þar til sekt þeirra er sönnuð í íslensku réttarríki en í framhaldi þeirrar niðurstöðu var farið að snúa út úr greinagerð héraðssaksóknara eins og þar hafi ekki verið um einhvern hvítþvott að ræða. Það hefur tekið á fyrir saklaust fólk að sitja undir þessu.

Aukaaðalfundur 8. apríl 2015 samþykkti að Vísindasjóður kæmi inn í KÍ-hús.

Síðan gekk erfiðlega að fá sjóðsstjórn á fund, erindum og fyrirspurnum illa eða ekki svarað, og formaður Vísindasjóðs heldur gögnum frá stjórn FF og öðrum fulltrúa FF í sjóðsstjórn.

Guðríður tekur fram að upphaflega hafi verið ástæða til að gera athugasemdir, en margt af hálfu sjóðsstjórnar sé á misskilningi byggt, t.d. millifærslur til að jafna út of-/vangreiðslur milli reikninga. Verklagi í KÍ-húsi hefur nú verið breytt í þessu tilliti.

Þegar kostnaður við málaferli er orðinn mun hærri en kröfurnar þarf að skoða stöðuna og Guðríður segir það skoðun stjórnar FF að nú ráði tilfinningar för en ekki hagur Vísindasjóðs.

Stjórn FF vill að sjóðsstjórn fari að samþykktum aukaaðalfundar 8. apríl sl. og flytji sjóðinn í KÍ-hús þar sem hann verður þjónustaður af starfsmanni FF.

Í framhaldi af umræðu á FB vill Guðríður útskýra af hverju liður í ársreikningum FF sem heitir „annar kostnaður“ hafi hækkað á árunum 2014 og 2015. Það orsakast af vinnu við vinnumat,

kynningu, námskeiðs trúnaðarmanna og fleiru sem er hluti af innleiðingu nýs vinnumats en allur sá kostnaður er greiddur af ríkinu.

2. VIÐBRÖGÐ FULLTRÚA FF Í STJÓRN VÍSINDASJÓÐS

Fundarstjóri kallar eftir viðbrögðum frá fulltrúum FF í sjóðstjórn. Engin bregst við.

3. UMRÆÐUR

Guðmundur Björgvin Gylfason, FSU.

Var í upphafi óviss um hvort hann ætti að koma á fundinn, en ákvað þó að gera það. Hann hefði vonað að stjórn FF og sjóðsstjórn næðu sáttum, en nú telur stjórn FF slíkt ekki vera inni í myndinni. Hann hefur fylgst með umræðum á netinu um helgina og telur hana ekki til sóma fyrir hvorugan aðilann.

Hann dregur framboð til sitt baka og hverfur af fundi.

Gísli Þór Sigurþórsson, stjórnarmaður í sjóðsstjórn, MS.

Hann biður fundarfólk afsökunar á afsögn sinni, en segist hafa verið kominn í öngstræti inni í sjóðsstjórninni. Allt varðandi úthlutanir sé í góðu lagi en annað sé óásættanlegt. Hann er t.a.m. búinn að fá staðfest frá Láru V. Júlíusdóttur, í gegnum lögfræðing, að haldinn var fundur á skrifstofu hennar 22. mars, fjórum dögum eftir bréfið frá héraðssaksóknara. Ekki hefur komið fram hverjir voru boðaðir á þann fund. Formaður og starfsmaður sjóðsins kynntu honum svo ekki niðurstöðu ríkissaksóknara fyrr en tveimur mánuðum eftir að hún barst. Hann býður sig fram aftur.

Jón Ragnar Ragnarsson, MH.

Hann býður sig fram í sjóðsstjórn og vill vinna fyrir því deilum verði lokið og Vísindasjóður fari aftur í KÍ-hús.

Ólafur Þórisson, MS.

Hann býður sig fram, hefur áhuga á kjaramálum kennara og vill vinna að því að sjóðurinn fari aftur í KÍ-hús.

Guðríður.

Tekur undir með Guðmundi um að tónninn í umræðunni á netinu mætti vera betri, en telur stjórnarfólk FF hafa talað af heilindum og án fordæminga.

4. ATKVÆÐAGREIÐSLA HEFST KL. 16:00 - FUNDARHLÉ

Fundi framhaldið kl. 16.22. Kosningu er lokið og niðurstöður væntanlegar eftir nokkrar mínútur.

Engar fyrirspurnir til fundarins hafa borist á netinu.

5. ÖNNUR MÁL

a. *Umræðan á netinu*

Kristján Viggósson, MÍ. Hann beinir því til stjórnar að taka ekki þátt í umræðum á Facebook.

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir BHS, varaforkona. Er algjörlega sammála, en það er erfitt að svara ekki þegar maður er sakaður um hugleysi og dugleysi og þöggun. Hún telur þó stjórnarfólk ekki hafa farið niður á lág plan í sinni aðkomu að umræðunni.

Guðríður. Hún er hjartanlega sammála og stjórn hafði tekið þá ákvörðun að halda sig frá umræðunni og beina leiðréttingum frekar inn á Facebook-síðu félagsins.

Pjetur St. Arason VA. Það er ekki hægt að banna umræðuna. Stundum verður bara að svara.

b. Staða skólamála í landinu - Gunnar Hólmsteinn, FG

Hann vill að félagið noti þetta tækifæri til að horfa fram á veginn. Hann vonar að Vísindasjóðsmálinu sé lokið eftir þennan fund. Fleiri og meira áriðandi verkefni bíða okkar. Hann vill brýna forystu allra aðildarfélaga KÍ til að berjast af krafti fyrir bættu skólasterfi, en kennaranemar eru allt of fáir, árið 2030 verða engir kennarar eftir í stéttinni ef svo fer sem horfir og grunnskólakennarar eru of lágt launaðir.

6. NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA

Formaður kjörstjórnar, Lóa Steinunn Kristjánsdóttir (MS), lýsti niðurstöðu kosningarinnar:

76,4% þátttaka. Niðurstöður:

Gísli Þór Sigurþórsson fær 17% atkvæða

Jón Ragnar Ragnarsson fær 48% atkvæða

Ólafur Þórisson fær 35% atkvæða

Lóa lýsir Jón Ragnar Ragnarsson (MH) og Ólaf Þórisson (MH) réttkjörna aðalmenn FF í stjórn Vísindasjóðs og Gísli Þór Sigurþórsson (MS) réttkjörinn varamann í stjórn Vísindasjóðs.

7. FUNDI SLITIÐ

Hanna Björg varaforkona FF þakkar öllum fyrir komuna í Borgarholtsskóla og þátttöku á netinu, kjörstjórn og uppstillingarnefnd fyrir sín störf og slítur fundi kl. 16:35.

Reynir Þór Eggertsson ritari stjórnar FF